



Til forsvarsmanna golfklúbba

Reykjavík, 11. maí 2026

Laganefnd ÍSí hefur undanfarið farið yfir lög nokkurra golfklúbba og borið hefur á því að í lögum félaganna sé að finna ákvæði sem takmarka aðild einstaklinga að félögunum. Er því ástæða til að áréttta eftirfarandi.

Samkvæmt e. lið gr. 5.2 í lögum ÍSí skal félagsaðild ávallt vera öllum frjáls sem gangast undir lög og reglur viðkomandi félags. Ekki er heimilt að gera að gera aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, s.s. þjálfunaraðstæður leyfa. Lög og reglur einstakra félaga þurfa að vera í samræmi við þetta.

Golfklúbbum er því eins og öðrum íþróttafélögum óheimilt að synja einstaklingi um aðild að félagi á þeirri forsendu einni að ekki sé rými til staðar fyrir fleiri til að nýta aðstöðu félagsins. Aðild að félagi og nýting aðstöðu eru þannig tvö aðskilin atriði sem ber að meðhöndla sem slík.

Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að félög setji sér reglur um nýtingu aðstöðu sinnar, þar á meðal með því að halda úti biðlista vegna aðgangs að vallarsvæði eða annarri aðstöðu. Slík skipan getur verið málefnaleg og nauðsynleg í ljósi takmarkaðrar getu til að taka á móti fleiri iðkendum á hverjum tíma.

Hverju félagi er það í sjálfsvald sett hvernig fyrirkomulagi biðlista er háttað, þ.m.t. hvort skráning á biðlista sé bundin við félagsaðild eða hvort listinn sé opinn öllum áhugasömum, með þeim hætti að einstaklingar geti gengið í félagið þegar röðin kemur að þeim. Ákvæði um biðlista þurfa ekki að vera í lögum félags heldur nægir að stjórn hafi heimild til þess að setja slíkra reglur.

Mikilvægt er að þessi aðgreining sé skýr í framkvæmd, þannig að tryggt sé að félög starfi í samræmi við gildandi reglur og grundvallarsjónarmið um jafnræði og aðgengi að íþróttastarfi.

Með hliðsjón af framgreindu er þessum ábendingum beint til allra golfklúbba með það að markmiði að þau yfirfari lög sín og eftir atvikum geri nauðsynlegar breytingar á næsta aðalfundi.

Með bestu kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Helga Þórðardóttir
Helga Þórðardóttir

lögfræðingur Stjórnsýslusviðs ÍSí

